

Fundargerð 1. fundar stjórnar Sprotasjóðs á úthlutunarárinu 2010-2011

Fundurinn var haldinn, 12. mars 2010 í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, í fundarherbergi á 2.hæð. Mættir voru allir aðalmenn stjórnar: Sigurjón Mýrdal, formaður stjórnar Sprotasjóðs, Finnur Friðriksson, Rósa Gunnarsdóttir, Elna Katrín Jónsdóttir, Svandís Ingimundardóttir, ásamt Sigrúnu Vésteinsdóttur, verkefnisstjóra Sprotasjóðs

Sigurjón Mýrdal var fundarstjóri og setti fundinn kl. 14:00. Sigrún Vésteinsdóttir var ritari fundar. Ræddir voru eftirfarandi fundarliðir:

1. Staða mála

Verkefnisstjóri fór yfir stöðu mála varðandi samninga við styrkþega fyrir úthlutunarárið 2009-2010 og greiðslufyrirkomulag styrkja. Verið er að vinna í því að hafa samband við styrkþega og ganga frá samningum og verða fyrstu greiðslur vegna verkefna greiddar til styrkþega í byrjun apríl 2010.

2. Næsta úthlutun og auglýsing

Lögð voru fram drög að auglýsingu fyrir úthlutunarárið 2010-2011. Þar var lagt til að hálfu ráðuneytisins að áherslusvið sjóðsins yrðu að þessu sinni.

- Skóli-menning-atvinnulíf
- Samvinna og samstarf skólastofnanna

Þessi áherslusvið voru rædd og stjórn sjóðsins setti fram sínar tillögur og lagði til að áherslusviðin yrðu þrjú að þessu sinni:

- Tengsl skólastarfs og grenndarsamfélags
- Nemendur á mörkum skólastiga: Nám og kennsla
- Velferð í skólastarfi

Í beinu framhaldi af þessu var einnig rætt um að þeir aðilar sem fengu styrk úr Sprotasjóði fyrir skólaárið 2009-2010 gætu sótt um viðbótarstyrki fyrir sín verkefni fyrir skólaárið 2010-2011.

Fyrir skólaárið 2010 – 2011 verða til úthlutunar allt að 46 milljónir kr. og fer fyrsta úthlutun fram í júní 2010.

Ákveðið var að auglýsa þyrfti næsta úthlutunarár, þ.e 2010-2011, helgina 20-21. mars. Umsóknarfrestur er gefinn til 7. maí 2010. Umsóknarferlið verður með sama hætti og á síðasta úthlutunarári og skulu umsóknir um styrki vera á rafrænu formi. Sækja þarf um aðgang að umsóknavef Stjórnarráðsins, <http://umsokn.stjr.is>.

3. Næstu fundir stjórnar Sprotasjóðs

Lögð voru fram drög að fundarskipulagi fyrir næsta úthlutunarár. Skipulagið var rætt og gerðar á því breytingar.

Áætlaðir fundardagar og fundartímar úthlutunarárið 2010-2011:

Dags.	Umræðuefni
12. mars 14:00-16:00	Fyrsti fundur Auglýsing og fl
24. mars kl. 14:00-17:00	Matsfundur á 2009 ferlinu
12. apríl kl. 9:30-12:00	Uppfærsla á ferlum
17. maí kl. 9:30-12:00	Fyrsti matsfundur
Vikan 24 – 28 maí	Úrvinnsla
14 . júní kl. 9:30-14:00	Lokafundur mat á ferli

Í vikunni 24-28. maí verður yfirferð umsókna. Lagt var til að hafa heilan dag til yfirferðar frekar en að skipta þessu á tvo daga og var stungið upp á 27. maí. Ekki víst að sú dagsetning muni standa en það verður skoðað betur þegar nær dregur.

4. Önnur mál

Rætt var stuttlega hvað þyrfti að fara yfir á næsta fundi. Rósa lagði til að fyrir þann fund myndi hún vera búin að fara yfir umsóknareyðublaðið með Sigurði Högna, vefstjóra, til að bæta það fyrir næsta umsóknarferli. Á næsta fundi gæti stjórnin farið yfir umsóknareyðublaðið og rætt hvað mætti betur fara fyrir næsta umsóknartímabil. Umsýsluaðili mun á næsta fundi, 24. mars leggja fyrir árskýrslu um rekstur sjóðsins og verður hún rædd á fundinum.

Fundi var slitið kl 15:45